

Fundargerð

46. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn mánudaginn 28. apríl 2014 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Elfur Logadóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

Ennfremur sátu fundinn Þorsteinn R. Hermannsson samgönguverkfræðingur og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. **Tillaga að nýju svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins - Höfuðborgarsvæðið 2040.**
Kynning á tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga er lokið. Alls bárust 14 umsagnir og er von á umsögn frá Skipulagsstofnun á næstu dögum.

Hrafnkell fór yfir innkomnar athugasemdir og greindi frá inntaki þeirra. Þorsteinn R. Hermannsson samgönguverkfræðingur í fagteymi svæðisskipulagsins fór yfir umsögn Vegagerðarinnar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur fagteymi að gera tillögur að viðbrögðum við innkomnum athugasemdum fyrir næsta fund nefndarinnar sem haldinn verði föstudaginn 2. maí. Fagráði svæðisskipulagsnefndar verði einnig boðið á þann fund.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.